

Frá ritstjórum

Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu kemur nú út í fimmta sinn hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Tímaritið kemur út einu sinni á ári og taka ritstjórar þess við aðsendum greinum, þýðingum og umfjöllunum um bækur á fræðasviðum stofnunarinnar: kennslufræði erlendra tungumála, bókmenntum, menningu, málvísindum og þýðingum.

Þema þessa heftis er útlendingar og eru sjö greinar tileinkaðar því viðfangsefni sem fjallað er um frá ýmsum sjónarhornum og á ólíkum tungumálum. Þrjár þeirra eru helgaðar íslensku sem öðru máli.

Í grein sinni um Íslenskuþorpið segja Guðrún Theódórsdóttir og Kolbrún Friðriksdóttir frá merkilegri tilraun til þess að efla og fjölga tækifærum nema í íslensku sem öðru máli til þess að tala íslensku við Íslendinga í daglegu lífi. Í Íslenskuþorpinu voru skapaðar aðstæður fyrir nema til þess að beita íslenskunni í hversdagslegum erindum, með aðstoð starfsmanna ýmissa fyrirtækja. María Garðarsdóttir og Sigríður Þorvaldsdóttir fjalla um tileinkun falla hjá þeim sem hafa íslensku að öðru máli. Þær gera fyrst grein fyrir fallarannsókn á þýsku sem öðru máli, í ljósi úrvinnslukenningar Pienemanns og kynna niðurstöður rannsóknar á þróun fallatileinkunar í frumlögum og andlögum í íslensku sem öðru máli. Tungumálapróf fyrir innflytjendur eru svo viðfangsefni Ara Páls Kristinssonar í grein hans „Innflytjendur og íslenskupróf“. Þar segir frá þeirri þróun að hvetja fullorðna útlendinga til þess að læra íslensku og láta þá taka próf í tengslum við umsókn um ríkisborgararétt.

Sagt er frá sendibréfi Tómasar Sæmundssonar sem birtist í *Fjölni* 1836 í grein Marion Lerner og það sett í samhengi við ævisögu og ferðareynslu höfundar. Tómas var þá nýkominn heim úr langri menntaferð um Evrópu og ferðalýsing hans í bréfinu sýnir að menntamaðurinn leit á það sem skyldu sína að deila reynslu sinni

og þekkingu með lesendum sínum. Sögur skoska rithöfundarins Robins Jenkins, *The Expatriates* og „Imelda and the Miserly Scot“ eru til umfjöllunar í grein Ingibjargar Ágústsdóttur. Ingibjörg beinir sjónum að ástarsamböndum hvítra manna og litaðra kvenna í verkunum og greinir þau út frá sjónarhorni síðnýlendustefnu og femínisma. Samböndin er táknræn fyrir feðraveldið en einnig samskipti heimsveldis og nýlendu og endurspegla þannig „tvöfalda nýlendukúgun“. Í grein Stefanos Rosatti segir frá hinum miklu fólksflutningum á Ítalíu eftir sameininguna 1861 og til upphafs fyrri heimsstyrjaldarinnar. Mikil fólksfækkun varð í sveitum og vinnuafli var af skornum skammti. Viðhorf stjórnvalda til flutninganna voru neikvæð og þau höfðu sterk áhrif á sýn rithöfunda á þessa þróun. Í verkum þeirra er dregin upp dökk mynd af flutningum vestur um haf og afleiðingum þeirra. Ferðir Evrópubúa vestur um haf eru einnig til umfjöllunar í grein Ásdísar R. Magnúsdóttur um villimenn Nýja heimsins í skrifum Frakkans Michels de Montaigne, sem er þekktur fyrir rit sitt *Essais* eða Tilraunir. Lýsingar á skrælingjum Nýja heimsins höfðu mikil áhrif á Evrópubúa, ekki síst sögur af mannáti. Ásdís segir frá esseyjuformi Montaignes og því hvernig sjálfsmýnd, sýn á „hinn“ og samfélagsgagnrýni fléttast saman í esseyjunni „Af mannætum“.

Af greinum utan þema ber fyrst að nefna umfjöllun Þórhildar Oddsdóttur um stöðupróf sem haldin voru í fjórum tungumálagreinum við Háskóla Íslands haustið 2012. Prófin eru tilraun í viðkomandi greinum í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda til þess að mæla færni nemenda við upphaf BA-náms út frá Viðmiðunarramma Evrópuráðsins. Hér gerir Þórhildur grein fyrir niðurstöðum prófa í dönsku. Annemette Hejlsted fjallar í grein sinni „Terapeuten og vampyren“ um skáldsögu Tove Ditlevsen, *Man gjorde et Barn Fortræd* (Barni gert mein, 1941). Annemette skoðar skáldsöguna út frá tengslum skáldskaparfræða og birtingarmynda kynjanna. Hún sýnir einnig hvernig höfundurinn tvinnar saman frásagnaraðferðir sálgreiningar og sakamálasögunnar í verki sínu, ekki síst í persónu aðalsöguhetjunnar. Næst koma tvær greinar sem fjalla báðar um tökuorð á sviði siglinga og skipasmíði. Í þeirri fyrri, sem er eftir Elisabeth Ridet, segir frá orðum sem lýsa reiðabúnaði og verklagi um bord í skipum og er að finna í nor-

mönnskum og engilnormönnskum bókmenntatextum frá 12. öld. Elisabeth varpar ljósi á ólíkan uppruna orðanna og bendir á sterk áhrif norrænna manna á siglingahætti í Normandí. Sú seinni er eftir Erlu Erlendsdóttur, sem fjallar um sjómannaorð af norrænum uppruna í spænsku, en það eru einkum orð er snúa að skipasmíði og siglingum. Hér er fjallað sérstaklega um orð sem lúta að rá og reiða og ferð þeirra úr norrænu máli, í gegnum normönnsku og frönsku, yfir í spænsku.

Ein þýðing birtist í tímaritinu. Ásdís R. Magnúsdóttir þýðir ess-eyju Michels de Montaigne „Af mannætum“ sem hún fjallar um í fyrrnefndri grein sinni. Magnús Sigurðsson á lokaorðin að þessu sinni með ítarlegri umfjöllun sinni um rit Pauls Kußmaul, *Verstehen und Übersetzen. Ein Lehr- und Arbeitsbuch*, frá árinu 2010.

Ritstjórar þessa heftis *Milli mála* þakka höfundum, þýðendum, ritrýnum og starfsfólki Háskólaútgáfunnar gott samstarf.

Ásdís R. Magnúsdóttir

Erla Erlendsdóttir

Rebekka Þráinsdóttir